

Föstudaginn 16. júní 1961.

Nr. 95/1961. Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjóðmanna

gegn

Ísfirðingi h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Kærumál. Uppboði frestað, sbr. lög nr. 48/1961.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1961. Barst Hæstarétti kærán 25. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir fógeta að halda uppboðsmálinu fram og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur gagnkært málið 24. maí 1961 og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um sakarefni, en sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Bæjarfógetinn á Ísafirði hefur í símskeyti til umboðsmanns Fjármálaráðuneytis, dags. 25. maí 1961, lýst því, að gagnkærán sé of seint framkomin.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Ísafjarðar 13. maí 1961.

Ár 1961, laugardaginn 13. maí, var í uppboðsrétti Ísafjarðar,

sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafsyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem þingfest var 28. júní 1960.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. maí s.l. eftir munnlegan flutning, hefur Lífeyrissjóður togarasjómannna krafizt þess, að uppboð verði látið fara fram á b/v Ísborgu, ÍS 250, eign Ísfirðings h/f, og að ríkissjóði verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar af hálfu ríkissjóðs sem meðalgönguaðili aðallega krafizt þess, að uppboðinu verði aflýst, en til vara frestað fram yfir maílok 1961 eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þá krefst það málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda eftir mati uppboðsdómarans.

Þá hefur uppboðspoli, Ísfirðingur h/f, gert þær kröfur, aðallega að uppboðinu verði aflýst, en til vara, að því verði að minnsta kosti frestað fram yfir maílok 1961, eða svo lengi sem aðfararfrestur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins verður fyrir hendi, eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins. Þá krafðist hann einnig málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Síðar féll uppboðspoli frá kröfu sinni um aflýsingu uppboðsins, en gerði varakröfuna að aðalkröfu sinni.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 30/3 1960, krafðist Landsbanki Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, með heimild í veðbréfi 15. maí 1948 uppboðs á b/v Ísborgu, ÍS 250, þinglýstri eign Ísfirðings h/f á Ísafirði. Var auglýsing um nauðungaruppboðið birt í Lögbingablaði nr. 15—17/1960 og uppboðsdagur ákveðinn 28. júní 1960.

Í uppboðsréttinum 28/6 s.l. lýstu þessir aðiljar kröfum sínum: Hafnarsjóður Reykjavíkur lögveðskröfu, Tryggingastofnun ríkisins vegna Lífeyrissjóðs togarasjómannna lögveðskröfu og bæjarfógetinn á Ísafirði lögveðskröfum.

Málinu var frestað til 6. september. Í þinghaldi þann dag var lögð fram afturköllun á uppboðsbeiðni Landsbankans, en uppboðshaldari lagði fram endurrit af lögtaksgerð frá 25/3, og lýsti hann jafnframt yfir sem innheimtumaður ríkissjóðs, að uppboðinu yrði haldið áfram til lúkningar lögtakskröfunum. Var síðan uppboðinu frestað til 4. október og síðan til 1. nóvember og loks til 23. janúar 1961.

Í þinghaldi þann dag var lagt fram bréf Jóns Ingimarssonar lögfræðings, dags. 17. nóvember s.l., þar sem hann gerði

kröfu til þess, að b/v Ísborg, ÍS 250, væri seld á uppboði til fullnustu á gjaldföllnu 10% iðgjaldi til Lífeyrissjóðs togarasjómannna, er virtust nema kr. 260.564.69, auk vaxta og kostnaðar. Krafan var sett fram samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1960. Málinu var nú frestað til 9. febrúar.

Ríkisstjórnin hafði 5. janúar 1961 sett bráðabirgðalög nr. 1/1961 til þess, að því er sagði í greinargerðinni, að fá heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, svo komið yrði í veg fyrir rekstrarstöðvun fyrirtækja, meðan fjárhagur þeirra væri athugaður. Heimild þessi var veitt Stofnlánadeild sjávarútvegsins, og tilkynnti hún til uppboðsréttarins 26. janúar 1961, að hún tæki sér fyrst um sinn 2ja mánaða frest til athugunar á fjárhag Ísfirðings samkvæmt heimild í 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 1/1961, sbr. reglugerð nr. 2/1961, 6. gr.

Hinn 9/2 var uppboðinu síðan samkvæmt þessu frestað til 27. marz n.k. Þann dag tilkynnti Stofnlánadeildin, að hún framlengdi frest sinn til athugunar á fjárhag Ísfirðings h/f til 31. maí n.k. Umboðsmaður Lífeyrissjóðs togarasjómannna synjaði um frekari frest og krafðist úrskurðar um þetta atriði. Jafnframt gerði Fjármálaráðuneytið, sem tilkynnti meðalgöngu í málinu af sinni hálfu, þær kröfur, að uppboðinu yrði frestað fram yfir maílok. Einnig óskaði gerðarþoli frests.

Var ákveðinn skriflegur flutningur málsins í þessu þinghaldi (27. marz) og málinu jafnframt frestað til þess að gefa aðiljum færi til að leggja fram gögn og undirbúa flutning málsins. Umboðsmenn uppboðsbeiðanda og Fjármálaráðuneytisins, sem báðir eru lögfræðingar, heimilisfastir í Reykjavík, óskuðu þess, að þeir mættu flytja málið munnlega, og samþykkti rétturinn það.

Var síðan ákveðið, að flutningurinn skyldi fara fram 14. apríl s.l. Voru þá lagðar fram greinargerðir aðilja, en flutningur fórst fyrir, vegna þess að ekki var flugveður þann dag.

Þessir aðiljar hafa enn lýst kröfum sínum: Jón Grímsson vegna skipstjóra á b/v Ísborgu o. fl., Haukur Jónsson, Bogi Ingimarsson, innheimtumaður ríkissjóðs og L. Fjeldsted hæstaréttarlögmaður.

Ákveðið var, að munnlegur flutningur málsins færi fram 27. apríl s.l., en þá var málinu enn frestað. Þá gerði Eyjólfur Jónsson, umboðsmaður Lífeyrissjóðs togarasjómannna, viðbótarkröfur, og verða fjárkröfur lífeyrissjóðsins samkvæmt því kr. 352.415.41.

Munnlegur flutningur málsins fór síðan fram 9. maí s.l., og var málið þá tekið til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að 3. grein laga nr. 1/1961, sbr. nú lög nr. 48/1961, eigi ekki við í þessu máli. Bann það við hvers konar kyrrsetningu eða aðför í 3. gr. laganna taki ekki til nauðungaruppbóða, þar sem sala sé heimiluð án aðfarar, sbr. lög nr. 49/1951 og lög nr. 57/1949, 1. gr., e-lið. Í máli þessu sé ekki um neitt af þessu að ræða og ekki heldur gjaldþrotaskipti.

Ákvæði laga nr. 1/1961, sbr. lög nr. 48/1961, beri að skýra mjög þröngt og í fyllsta samræmi við það, sem ótvírætt segir beint í þeim, hvað þá heldur að lögjafna frá þeim til nokkurra annarra réttargerða en þar eru tvímælalaust meðtaldar. Bannið taki til vissra kröfuhafa, en ekki til lögveðshafa, og verði því lögum nr. 48/1961 ekki beitt til frestunar á þessu uppbóði. Um skilning á hugtakinu aðför hefur uppbóðsbeiðandi vitnað til rits dr. jur. Einars Arnórssonar, Aðfarargerðir, bls. 1. Þá hefur uppbóðsbeiðandi haldið því fram, að þær réttargerðir, sem nefndar eru í lögum nr. 48/1961, heyri ekki undir þenna rétt, heldur fógetadóm. Réttargerðir uppbóðsréttar séu ekki aðfarargerðir.

Gerðarþoli og meðalgönguaðili hafa mótmælt þessum skilningi uppbóðsbeiðanda og skýringum á ákvæðum bráðabirgðalaganna og lögum nr. 48/1961. Hafa þeir á það bent, að orðalag 3. greinar, þar sem talað er um „hvers konar kyrrsetningu og aðför“, sé svo rúmt, að það hljóti að ná til allra réttargerða, sem valdið geta rekstrarstöðvun fyrirtækis, enda sé tilgangur laganna augljós. Þetta sé beinlínis tekið fram í greinargerðinni fyrir bráðabirgðalögunum, en þar segir, að nauðsynleg séu ákvæði um heimild til „tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda, til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun, á meðan verið er að athuga fjárhag fyrirtækja, sem sækja um lán“. Í sambandi við athugasemdir sóknaraðilja um réttarskerðingu kröfuhafa hafa gagnaðiljar bent á, að ekki sé með fresti þessum verið að skerða rétt nokkurs kröfuhafa sérstaklega, heldur sé þvert á móti með ákvæðum laganna reynt að girða fyrir það, að kröfuhöfum verði mismunað.

Í 2. mgr. 3. gr. sé lánbeiðendum beinlínis bannað að selja eða veðsetja eignir eða yfirleitt gera nokkrar ráðstafanir, er „veruleg áhrif geti haft á efnahag hans“.

Halda þeir því fram uppbóðspoli og meðalgönguaðili, að frá-

leitt sé að skýra ákvæðin eins og uppboðsbeiðandi, því uppboðs-sala sé einmitt sú réttargerð, sem öllum öðrum fremur veldur rekstrarstöðvun. Meðalgönguaðili hefur bent á, að uppboðsbeið-andi byggi andmæli sín á þröngri lögskýringu á ákvæðum laga nr. 48/1961. Orðin „hvers konar aðför“ gefi aðför þá viðtækustu lagamerkingu, sem það getur haft í lagamáli, eins og það er t. d. notað í dómsorðum (að viðlagðri aðför að lögum). Þar feli að-för í sér fjárnám og uppboð. Ákvæðin beri ekki að skýra með þrengra hætti en löggjafinn hefur til ætlazt, svo að þau nái tilgangi sínum.

Meðalgönguaðili hefur ekki á fullnægjandi hátt rökstutt kröfu sína um það, að uppboðinu verði aflýst, og verður hún því ekki tekin til greina.

Á það verður að fallast með uppboðspola og meðalgönguaðilja, að andi og tilgangur ákvæða 3. greinar laga nr. 48/1961 sé sá að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun útgerðarfyrirtækis, meðan lánbeiðni þess er í athugun, og þá einnig þá röskun, sem óhjá-kvæmilega mundi leiða af uppboðssölu þeirra tækja, er rekst-urinn hvílir á. Kemur þetta ljóst fram í greinargerðinni fyrir bráðabirgðalögunum nr. 1/1961, þar sem talað er um tímabundna innheimtustöðvun til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun.

Samkvæmt þessu ber að synja um framgang nauðungarupp-boðsins og veita umbeðinn frest. Málið skal næst fyrir tekið 10. júní n.k.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Því úrskurðast:

Krafa Lífeyrissjóðs togarasjómannna um sölu b/v Ísborgar, ÍS 250, verður ekki tekinn til greina. Málinu skal frestað til 10. júní 1961.

Málskostnaður falli niður.

---